



Norðurþing  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Reykjavík, 4. október 2020.

### **Efni: Frjálsíþróttaaðstaða, nýframkvæmdir og viðhald eldri mannvirkja – Þjóðarleikvangur**

Um leið og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þakkar sveitarfélaginu stuðning og velvilja í garð íþróttar þ.m.t. frjálsíþróttar vill FRÍ senda hvatningu til handa sveitarfélaginu er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á íþróttamannvirkjum og minna á mikilvægi þess. Að í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 og rammafjárhagsáætlun næstu ára, sé gert ráð fyrir að fyrirliggjandi keppnis- og æfingaaðstæður fyrir frjálsíþróttir verði alltaf fullnægjandi. Jafnt sem hugað sé að nýframkvæmdum í fjármálaáætlun næstu ára s.s. með undirbúningi, áætlunargerð, skipulagsgerð og annarri fjárfestingar- og þróunarvinnu.

Þá vill FRÍ benda á að starfshópur sem mennta- og menningarmálaráðherra setti á laggirnar um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir hefur skilað niðurstöðu. Áhugi sveitarfélaga á verkefninu sbr. erindi FRÍ til sveitarfélaganna á sl. ári dags. 1. 12.2020 var óverulegur, en Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag, lagði inn fjölmargar ábendingar og áherslur. Starfshópurinn lagði til að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli þá sé framtíð best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Mannvirki sem mun tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Þjóðarleikvangur á þessum stað myndi verða vel nýttur af ýmsum aðilum. Fyrst er að telja alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum FRÍ og ÍF, æfingar afreksmanna, æfingar barna-, unglunga og annarra í hverfisfélögum í Reykjavík en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsóknar, þjálfunar og kennslu í skólum.

Það er von FRÍ að þrátt fyrir þessa niðurstöðu starfshóps um þjóðarleikvang að sveitarfélagið, héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög FRÍ haldi áfram á sínu heimasvæði að huga að uppbyggingu mannvirkja, hverju sinni, sem geti nýst samfélaginu öllu við æfingar og keppni en einnig í öðrum lýðheilsuverkefnum íbúa. Á sama hátt að sveitarfélagið og íþróttasamfélagið geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálsíþróttafólks frá öllum landshlutum vegna mótahalds.

Stuðningur sveitarfélagsins við íþróttastarfsemi, hér eftir sem hingað til, er mikilvægur enda er gildi íþróttar einn af meginstöðum sterks samfélags.

*Með samstarfskveðju*

Freyr Ólafsson

*form. Frjálsíþróttasambands Íslands*